

Nd.

720. Nefndarálit

[37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er öllum ljóst, hversu þýðingarmikið það er, að ákvæðum um skil á allri skattheimtu sé svo háttáð að þau hvetji aðila til skila. Ekki síður er mönnum ljós sú nauðsyn, að skattheimtan sé með þeim hætti að hún stuðli að slíku og verki ekki til hins gagnstæða.

Með flutningi þessa frv. er látið í það skína, að skil á söluskatti hafi farið versnandi að undanfögnu. Því er lagt til að rýmka heimildir til þess að beita refsingu við vanskilum og veita ráðherra heimildir með reglugerð til þess að auka á skriffinnsku hjá þeim sem án þóknunar annast innheimtu á stórum hluta af tekjum ríkissjóðs.

Undirritaðir nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að það vandamál, sem valdhafar telja að við sé að glíma, megi mjög rekja til þeirrar stefnu í skattheimtu, sem verið hefur í tíð þeirra ríkisstjórna sem setið hafa frá því síðla árs 1978, og þar þurfi fyrst og fremst að koma til breytingar. Við leggjum því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 23. apríl 1982.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Albert Guðmundsson.

Matthías Bjarnason.